

## Verkefnastjóri

[Fræðslusetrið Starfsmennt](#) óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að halda utan um nám, kynningar og þróunarverkefni á vegum setursins. Um eins árs afleysingastarf vegna fæðingarorlofs er að ræða. Starfsmennt er samstarfsvettvangur fjármálaráðuneytisins og stéttarféлага innan BSRB og sinnir símenntun, ráðgjöf og starfsþróunarverkefnum opinberra starfsmanna. Setrið þróar og heldur utan um starfstengt nám um allt land í samstarfi við hagsmunaaðila og styðst við öflugt vefkerfi og rafræna umsýslu. Því er auglýst eftir fjölhæfum starfsmanni sem er í senn skapandi og skipulagður.

### Starfssvið:

- Þróun, umsjón og eftirfylgd námsleiða og verkefna
- Upplýsingagjöf og aðstoð við viðskiptavini
- Ráðgjöf og fræðsla til starfsmanna og stofnana
- Þátttaka í þróunarverkefnum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. á sviði kennslu, ráðgjafar, stjórnunar eða upplýsingatækni
- Þekking á fullorðinsfræðslu og vinnumarkaði
- Þjónustulipurð og góð samskiptahæfni
- Mjög góð tök á íslensku máli og enskukunnátta er kostur
- Góð tölvukunnátta og reynsla af vefvinnu

Skriflegar umsóknir skulu berast Fræðslusetrinu Starfsmennt fyrir 17. maí á netfangið [smennt@smennt.is](mailto:smennt@smennt.is). Upplýsingar um starfsemi og hlutverk Starfsmenntar má finna á heimasíðu Starfsmenntar [www.smennt.is](http://www.smennt.is) og hjá framkvæmdastjóra í s: 525 8395.